

Mánudaginn 18. júní 1973.

Nr. 76/1972: **Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins**

(Einar Viðar hrl.)

gegn

Birni Jónssyni

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Sjálfskuldarábyrgð.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1972. Gerir hann þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 296.627.10 með 7% ársvöxtum frá 1. júní 1967 til greiðsludags og svo málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar þær, sem málssókn áfrýjanda er reist á, eru óljósar. Stefndi hafði á þeim tíma, sem yfirlýsingarnar voru gefnar, ekki bein reikningsviðskipti við áfrýjanda, heldur fékk vörur frá honum á vegum Samkaupa h/f. Hann rak verzlunir sínar með ótakmarkaðri ábyrgð. Hlaut honum að vera ljóst, að ábyrgða hans var óskað vegna fyrrgreindra viðskipta. Hins vegar verða yfirlýsingarnar einungis skýrðar á þann veg, að stefndi hafi tekið á sig ábyrgð á þeim viðskiptaskuldum Samkaupa h/f við áfrýjanda, sem stöfuðu af viðskiptum þeirra þriggja verzlana, sem greindar eru í yfirlýsingum hans. Eins og þeim var háttað, bar nauðsyn til, að áfrýjandi aðgreindi sérstaklega í bókhalda sínu úttektir og greiðslur Samkaupa h/f vegna verzlana stefnda. Viðurkennt er, að stefndi hefur goldið hlutafélaginu kaupverð varanna. Áfrýjandi hefur ekki gert grein fyrir því, að hverju leyti þær greiðslur, sem honum bærust, voru vegna vorkaupastefnda. Hann hefur því ekki sýnt fram á, að um skuld

sé að ræða, sem ábyrgðaryfirlýsingar stefnda taki til. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eins og málið er vaxið, þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 15. marz 1972.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. marz s.l., hefur Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins í Reykjavík höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur gegn Birni Jónssyni, Vesturgötu 17 A, Reykjavík, með stefnu, birtri 25. janúar 1971.

Dómkröfur stefnanda í stefnu málsins eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 323.441.11 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. júní 1967 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Við munnlegan málflutning breytti stefnandi dómkröfum sínum þannig, að hann krafðizt þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum kr. 296.627.10 ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og að framan er getið.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Sættir hafa verið reyndar með málsaðiljum, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

II.

Málavextir eru þessir: Á árinu 1946 var stofnað í Reykjavík hlutafélagið Samkaup. Stofnendur þess voru nokkrir kaupmenn í Reykjavík og víðar. Stefndi gerðist hluthafi í félaginu og var stjórnarformaður þess frá 31. október 1955 til 22. marz 1968, sbr. framlagt ljósrit úr firmaskrá Reykjavíkur, dskj. nr. 41. Tilgangur félagsins var m. a. að gera innkaup á nokkrum vörutegundum, svo sem tóbaki og fleiru, fyrir félagsmenn og fá hagstæðari kjör með því að gera stærri innkaup. Voru þau fyrst fólgin í því, að veittur var ákveðinn afsláttur, 2%, en síðar í því, að viðskiptamenn fengu lengri greiðslufrest. Samkaup h/f ann-

aðist þessi innkaup þar til í apríl 1967, að síðustu úttektir fóru fram, enda tók þá stefnandi fyrir öll lánsviðskipti við Samkaup h/f vegna skuldar fyrirtækisins við stefnanda.

Frá upphafi settu félagsmenn Samkaupa h/f stefnanda persónulegar tryggingar fyrir úttektum verzlana sinna hjá stefnanda, og voru þær upphaflega í formi tryggingarvígsla, sem félagsmenn samþykktu og afhentu stefnanda. Á árunum 1965—1966 var þessu fyrirkomulagi breytt þannig, að í stað víxlanna undirrituðu félagsmenn sjálfskuldarábyrgðir, er afhentar voru stefnanda.

Stefndi í máli þessu, Björn Jónsson, átti þrjár verzlunir, sem Samkaup h/f gerði innkaup fyrir hjá stefnanda, Verzlun Halla Þórarins og verzlunina Foss í Reykjavík og verzlunina Reykjafoss í Hveragerði. Úttektir fóru venjulega þannig fram, að viðkomandi kaupmaður hafði samband við Samkaup h/f og bar fram pöntun. Af hálfu Samkaupa h/f var síðan útfylltur sérstakur pöntunarseðill, er síðan var sendur til stefnanda. Þar var úttektum fyrir hverja verzlun haldið sér, þannig að fært var á reikningsyfirlit Samkaupa h/f fyrir hvaða verzlun hver úttekt var. Inn á skuldina við stefnanda greiddi Samkaup h/f hins vegar í „slumpum“, og var þess aldrei getið af hálfu Samkaupa h/f, að ákveðin innborgun væri fyrir nokkurn sérstakan aðilja. Reikningsyfirlit Samkaupa h/f hjá stefnanda sýnir því einungis heildarskuld þess fyrirtækis við stefnanda vegna umræddra viðskipta. Að sögn stefnanda nam sú skuld, er mál þetta var höfðað, kr. 1.142.531.12, en að leiðréttingu, sem stefnandi hefur gert á þeirri tölu, verður síðar vikið.

Stefnandi reyndi að fá Samkaup h/f til að greiða skuld þessa, og hefur verið lagt fram í málinu innheimtubréf, dagsett 6. maí 1969, frá stefnanda til Samkaupa h/f. Samkaup h/f greiddi ekki skuldina, og var fyrirtækið úrskurðað gjaldþrota hinn 7. október 1971, og við uppskrift reyndist búið eignalaust.

Fyrir þann tíma höfðu hins vegar lengi staðið yfir samningaviðræður milli stefnanda og eigenda hinna ýmsu verzlana, sem að Samkaupum h/f stóðu, og þar á meðal stefnda, um greiðslu á þessari skuld, og fóru fram bréfaskipti af því tilefni, sbr. dskj. nr. 30 og 31. Verzlunareigendurnir neituðu greiðslum, og segir af því tilefni í greinargerð stefnanda: „Er því haldið fram af hálfu stefnda, að hann hafi þegar greitt úttektir sínar hjá Á. T. V. R. til Samkaupa h/f, og hinu sama halda félagar hans fram. Þetta mun vera rétt, en hins vegar stóðu forsvarsmenn Samkaupa h/f ekki skil á þeim peningum til Á. T. V. R.“

Dskj. nr. 30 er bréf lögmanns umræddra verzlunareigenda til stefnanda, dagsett 5. júlí 1969. Er í bréfinu fyrst vísað til samtals lögmannsins við forsvarsmenn stefnanda, en síðan segir orðrétt: „Í ofangreindu samtali, sem fór mjög vinsamlega fram, eins og vænta mátti, kom það fram frá umbj. m., að þrátt fyrir það, að sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingarnar væru upphaflega útgefnar vegna eigin vöruúttekta, og þrátt fyrir það, að verzlunirnar hafa greitt vöruandvirði allt til Samkaupa h.f., sem hins vegar virðist ekki hafa staðið skil á greiðslunum til yðar, og þó að ekki sé haldið aðskildu hjá yður vöruúttektum einstakra verzlana, sem gáfu ábyrgðaryfirlýsingarnar, þá eru umbj. m. allir að vilja gerðir til þess að koma á móts við yður og fá fram friðsamlega lausn til þess að báðir aðilar, Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins annars vegar og hver einstakur ábyrgðaraðili hins vegar, verði fyrir sem minnstu tjóni á samningslegan hátt og án þess að til málaferla komi. Aðilar þeir sem hér um ræðir:

Nafn:	Fjárhæð ábyrgðarskuldbindingar:
Vörðufell	kr. 75.000.00
Ávaxtabúðin	— 150.000.00
Bragabúð og verzl. Herjólfur	— 100.000.00
Verzlunin Fossvogur	— 170.000.00
Grensáskjör	— 115.000.00
Gunnlaugsbúð	— 40.000.00
Verzl. Jónasar Sigurðssonar	— 55.000.00
Vaðnes	— 85.000.00
Vísir	— 140.000.00
Verzl. Péturs Kristjánssonar	— 75.000.00
Verzl. Jóns Matthísen, Hafnarf.	— 95.000.00
Verzl. Halla Þórarins, verzl. Foss, og verzl. Reykjafoss	— 405.000.00
	<hr/>
	Kr. 1.505.000.00

Umbj. m. telja, að til mála geti komið frá þeirra hendi að semja nú þegar við yður án þess að leggja fram skuldbindandi tilboð í því efni, fyrr en vitað er um undirtektir yðar, á eftirtalinn hátt:

1. Á sínum tíma voru ábyrgðaraðilarnir í Samkaupum h/f nokkuð fleiri, þ. e. Sunnubúðin, Kársneskjör, Straumnes, og N. og B. voru þá einnig með, með ábyrgðaryfirlýsingar að fjár-

- hæð kr. 525.000.00, en þeir munu hafa samið við yður um það, er þeir færðu viðskipti sín frá Samkaupum til Matkaupa, að ábyrgðaryfirlýsingar þeirra flyttust frá hinu fyrrnefnda til hins síðarnefnda með þeim afleiðingum, að þeir, sem eftir urðu í Samkaupum, eru nú raunverulega látnir ábyrgjast greiðslur vegna hluta þeirra, sem á brott fóru að yðar samþykki. Það eru því tilmæli umbj. m., að frá þeirri fjárhæð, sem þér óskið nú, að ábyrgðarskuldbinding umbj. m., kr. 1.142.535.12, nái til, verði dregnar fyrst áðurnefndar kr. 525.000.00
2. Sú fjárhæð, sem þá verði eftir, kr. 617.535.12, deilist hlutfallslega miðað við ábyrgðaryfirlýsingarnar á útgefendur þeirra.
 3. Fyrir þeirri fjárhæð, sem þannig fæst á hvern aðila, þá gefi hann út veðskuldabréf, veðtryggt í fasteign, teknu gildu af yður, en greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 15 árum og með 5% ársvöxtum til greiðslu upp í skuldir Samkaupa h. f. hjá yður, enda fái hlutaðeigandi aðilar yfirlýsingu frá yður um það, að þeir séu lausir undan öllum frekari ábyrgðarskuldbindingum vegna Samkaupa h. f. og að þeir eigi þann rétt gegn Samkaupum h. f. eða forráðamönnum þess fyrirtækis, sem þér áttuð vegna þessara fjárhæða.“

Hinn 22. september 1969 ritar áðurnefndur lögmaður stefnanda annað bréf, þar sem meðal annars segir orðrétt: „Ég vísa til bréfs míns til yðar, hr. forstjóri, dagsetts 5. júní s.l., vegna sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar nokkurra verzlana til fyrirtækis yðar.

Umbjóðendur mínir telja miklar horfur á eftir viðtal við yður, að tilboði þeirra í nefndu bréfi mínu verði hafnað.

Ég vil minna á eftirfarandi atriði, sem öll hníga að því, að umbj. m. séu ekki ábyrgir hver um sig, nema sem því svarar, sem reikningur þeirra hjá yður segir til um, en séu ekki ábyrgir vegna vöruúttekta annarra aðila, þó að þeir séu hnýttir félagsböndum með þeim í Samkaupum h. f.:

1. Sjálfskuldarábyrgaryfirlýsingin er gefin vegna viðskiptaskuldar, sem hlutaðeigandi verzlun kann á hverjum tíma að skulda Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins vegna vöruúttektar. Ábyrgðinni verður því ekki beitt vegna skulda Samkaupa h. f. við fyrirtæki yðar, heldur vegna skuldar hlutaðeigandi verzlunar vegna úttektar hennar á tóbaki frá fyrirtæki yðar, hvort sem það var fyrir milligöngu Samkaupa h. f. eða með öðrum hætti. Þess vegna á kaupmaðurinn kröfu

á að fá að vita niðurstöðu reiknings síns að undangengnu yfirliti yfir úttektir og inngreiðslur, áður en ábyrgðin verður gerð virk gagnvart honum.

2. Verzlanið þær, sem ég er umbjóðandi fyrir samkvæmt bréfi mínu frá 5. júní s.l., hafa allar greitt vöruandvirðið til Samkaupa h. f., og mátti stofnun yðar fyrr og síðar vera það ljóst. Ekki er eðlilegt, að viðskiptamenn telji sér skylt að tvígreiða sömu vöruna.
3. Samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingunni, svo sem fyrr segir, var skylt að halda vöruúttektum sjálfskuldarábyrgðarmanna aðskildum frá annarra úttektum. Þetta hefur eigi verið gert, svo sem fyrr segir. Í framkvæmd hefur verið viðurkennt, að hver og einn sé aðeins ábyrgur fyrir sinni úttekt, og á ég þar við Sunnubúð, Kársneskjör, Straumnes o. fl. ábyrgðaraðila, er Samkaup h. f. hafði milligöngu um kaup fyrir og ekki eru taldir ábyrgir vegna skulda Samkaupa h. f. við yður.
4. Tilboð umbjóðenda minna í bréfinu frá 5. júní s.l. um greiðslu á skuldum Samkaupa h. f. við yður var gefið með þeim fyrirvara, eins og fram kemur í bréfinu, að þar væri ekki um skuldbindandi tilboð að ræða og að þetta var aðeins sett fram til þess að fá friðsamlega lausn á deilumáli, en alls ekki vegna þess, að umbj. mínir viðurkenndu að nota mætti ábyrgðaryfirlýsingar þeirra vegna skulda Samkaupa við yður.

Af ofangreindu tilefni lýsi ég því yfir fyrir hönd umbjóðenda minna, að þeir telja sig ekki á nokkurn hátt vera ábyrga fyrir öðru en úttektum verzlana sinna hjá yður. Skora ég á yður að gefa yfirlit um, hvað hver þessara aðila skuldar samkvæmt reikningum yðar.“

Í bréfi stefnanda til lögmanns síns á dskj. nr. 32 kemur fram, að Sunnubúðin og verzlunin Straumnes hættu að kaupa tóbak á vegum Samkaupa h/f í árslok 1962, að verzlunin Kársneskjör skipti við Samkaup h/f til ársloka 1966, en síðan ekki, og að verzlunin Nonni og Bubbi hélt viðskiptum áfram þar til í apríl 1967, þegar vöruafgreiðsla við Samkaup var stöðvuð af stefnanda. Um þetta atriði segir nánar í öðru bréfi stefnanda til lögmanns síns á dskj. nr. 39: „Verzl. Nonni & Bubbi höfðu alltaf nokkur persónuleg viðskipti við Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins framhjá Samkaupum h. f. á umræddu tímabili. En fyrri part árs 1967 hættu þeir að verzla hér í Reykjavík, bæði persónulega og einnig gegnum Samkaup h. f. Ástæðan var sú, að þá var búið að opna

útsölu í Keflavík og í sambandi við hana tóbaksafgreiðslu. Fluttu verzlunar á Suðurnesjum sín tóbaksviðskipti þá til Keflavíkur. Mun verzlunin Nonni & Bubbi þá hafa fengið afhenta tryggingu sína, enda var sett ný trygging hjá útsölustjóranum í Keflavík. Var rætt við forstjóra Samkaupa um þessa breytingu, og taldi hann ekki, að umrædd verzlun skuldaði þar neitt. Hvað þessi trygging var há, getum vér ekki séð.

Sunnubúðin og verzlunin Straumnes hættu viðskiptum hér í gegnum Samkaup h. f. 1962. Kváðu eigendur þeirra sig vera gengna úr samtökunum og hafa þá gert upp allar sínar sakir við þau. Munum vér ekki betur en forstjóri Samkaupa h. f. hafi staðfest þetta munnlega. Sama er að segja um Kársneskjör, sem keypti gegnum Samkaup h. f. til ársloka 1966.“

Stefndi kom fyrir dóm þann 28. janúar 1972. Þar staðfesti hann undirskrift sína á sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingum á dskj. nr. 22—24, en þau skjöl eru öll undirrituð 9. marz 1966. Dskj. nr. 22 er þannig orðrétt:

„ÁFENGIS- OG TÓBAKSVERZLUN RÍKISINS

SJÁLFSKULDARÁBYRGÐ

Ég undirritaður Björn Jónsson, Vesturgötu 17 a, ábyrgist hér með sem sjálfskuldarábyrgðarmaður viðskiptaskuld, sem Verzl. Foss, Bankastr. 2, kann á hverjum tíma að skulda Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins vegna vöruúttektar. Þó ekki hærrí upphæð en nemur að höfuðstól kr. 55.000.00 krónum — fimmtíu og fimm þúsund 00/100 — auk vaxta og alls kostnaðar, sem leiða kann af vanskilum.

Sjálfskuldarábyrgð þessi er óafturkallanleg.

Mál út af ábyrgð þessari má reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur án þess að leita þurfi til sáttanefndar.

Reykjavík, 9. marz 1966
Björn Jónsson

Vottar:

Gunnar Skagfjörð
Ragnar Jónsson“

Sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsing á dskj. nr. 23 er algerlega samhljóða þessari að öðru leyti en því, að hún á við Verzlun Halla Þórarins, og fjárhæðin er kr. 210.000.00, og sjálfskuldarábyrgðar-

yfirlýsing á dskj. nr. 24 er sömuleiðis alveg samhljóða að öðru leyti en því, að hún á við verzlunina Reykjafoss, Hveragerði, og fjárhæðin er kr. 140.000.00.

Stefndi sagði fyrir dómi, að hann hefði í fjölda mörg ár og áður en ofangreindar sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar voru gefnar út, haft liggjandi hjá stefnanda ábyrgðaryfirlýsingar vegna viðskipta verzlana sinna við fyrirtækið, bæði þegar þær skiptu beint við stefnanda og á þeim tíma, er viðskiptin fóru fram í gegnum Samkaup h/f. Um hafi verið að ræða persónuábyrgðir fyrir fyrirtæki stefnda, en ekki neitt sameiginlegt vegna Samkaupa h/f. Allir kaupmenn, sem haft hafi sams konar viðskipti við Samkaup h/f, hafi gefið út sams konar sjálfskuldarábyrgðir að kröfu stefnanda. Sagði stefndi, að nefndar sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar væru endurnýjun á fyrri ábyrgðum til handa stefnanda. Stefnanda var þá sýnt tryggingarbréf á dskj. nr. 36, þar sem segir orðrétt: „Ég undirritaður, Björn Jónsson, kaupmaður, Vesturgötu 17 a, Reykjavík, geri kunnugt: Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldar, sem ég kann á hverjum tíma að vera í við Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins vegna verzlunarinnar Foss, Bankastræti 2, Rvík, Verzl. Halla Þórarins, Hverfisgötu 39, og Vesturgötu 17 A, báðar í Rvík, og verzl. Reykjafoss, Hveragerði, að fjárhæð allt að kr. 500.000.00 — fimm hundruð þúsund krónur 00/100 — auk vaxta og alls kostnaðar, sem leiða kann af vanskilum, veðset ég hér með Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins fasteign mína . . .“. Stefndi sagði, að tryggingarbréf þetta væri framhald á byrgðum, þar sem sjálfskuldarábyrgð væri breytt í veðskuldarábyrgð vegna kröfu stefnanda um, að fasteignaveð lægi að baki skuldbindingu. Nánar spurður um þessar ábyrgðir sagði stefndi orðrétt: „Mín fyrirtæki lögðu aldrei fram neina ábyrgð til Samkaupa h/f, og ég lagði aldrei fram neinar ábyrgðir vegna viðskipta minna við Samkaup h/f.“

Stefndi sagði og, að viðskipti hans beint við stefnanda hafi hafizt á árinu 1967 og á þeim tíma hafi hann ekki átt viðskipti við stefnanda í gegnum Samkaup h/f. Stefndi var þá að því spurður, hvort verzlanir hans hefðu verið í lánsviðskiptum við stefnanda fram hjá Samkaupum h/f á árunum 1965, 1966 og 1967. Stefndi svaraði fyrst orðrétt: „Ég myndi ekki kalla, að ég hafi verið í lánsviðskiptum við Á. T. V. R., en ég keypti vörur hjá þeim fram hjá Samkaupum h/f á þessum tíma.“ Eftir nánari spurningar sagði stefndi, að í sumum tilfellum hafi þessum viðskiptum verið þannig háttað, að verzlanir hans hafi tekið út í

reikning hjá stefnanda, sem síðan hafi þá verið greiddur um næstu mánaðamót. Að öðru leyti hafi verið um staðgreiðsluviðskipti að ræða.

Stefndi lýsti hins vegar viðskiptum verzlana sinna við stefnanda á þeim tíma, sem þau fóru fram í gegnum Samkaup h/f, þannig, að Samkaup h/f hafi keypt vörur af stefnanda og hafi þær farið inn á „kontó“ Samkaupa h/f. Samkaup h/f hafi síðan afgreitt vörur til verzlana stefnda eins og annarra úr reikningi Samkaupa h/f, en verzlanir stefnda hafi á hverjum tíma verið skuldlausar við Samkaup h/f.

Vegna ummæla stefnda um viðskipti fyrirtækja hans við stefnanda á árunum 1965—1967 segir svo í áðurnefndu bréfi stefnanda til lögmanns síns á dskj. nr. 39:

„Samkvæmt beiðni yðar höfum vér athugað viðskipti eftirtalinnna fyrirtækja við Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins á árunum 1965—1967.

Bragabúð
Verzl. Herjólfur
Verzl. Fossvogur
Grensásáskjör
Gunnlaugsbúð
Verzl. Jónasar Sigurðssonar
— Vaðnes
— Vísir
— Péturs Kristjánssonar
— Jóns Mathiesen
— Halla Þórarins
— Foss
— Reykjafoss
— Vörðufell.

Vér getum ekki séð í bókum stofnunarinnar, að nokkurt þessara fyrirtækja hafi átt lánsviðskipti utan við Samkaup h. f. fyrr en í maí 1967, en þá var búið að loka fyrir öll lánsviðskipti til Samkaupa h. f. Eftir þann tíma byrja fyrr nefndir aðilar persónuleg viðskipti við Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, enda settu þeir þá nýjar tryggingar fyrir úttekt sinni. Þetta á jafnt við um Björn Jónsson og aðra.“

Ragnar Jónsson, skrifstofustjóri stefnanda, kom fyrir dóm áðurnefndan þingdag. Um tilefni þess, að stefndi undirritaði nefndar sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar á dskj. nr. 22—24 sagði hann orðrétt: „Þarna er um lánsviðskipti að ræða. Kaupmenn hér í

Reykjavík og nágrenni höfðu möguleika á þrjátíu daga greiðslufresti frá útláni, og þetta notuðu þeir sér í ríkum mæli. En þar sem þarna er um stórar fjárhæðir að ræða, þá taldi Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins sér ekki fært annað en að fá einhverja tryggingu fyrir skilvísri greiðslu. Til að byrja með voru þetta mest víxlar, tryggingarvixlar, en þar sem þurfti að endurnýja þá árlega, þá var farið yfir í sjálfskuldarábyrgð. Nú sá Samkaup um úttekt fyrir sína félagsmenn, og þá kröfðumst við þess, að þeir settu tryggingu eins og aðrir fyrir sínum úttektum. Þannig eru þessar tryggingar Björns Jónssonar til komnar.“ Vitnið sagði, að þegar ábyrgðirnar voru gefnar út, hafi stefndi, eins og allir aðrir aðilar Samkaupa h/f, sem verið hafi í reikningsviðskiptum, skuldað stefnanda meira en mánaðarúttekt, yfirleitt einn og hálfan mánuð, því að sá hafi greiðslufresturinn verið í raun, þó að miða hafi átt við þrjátíu daga. Stefnandi hafi beðið um nefndar sjálfskuldarábyrgðir beinlínis vegna viðskipta kaupmanna við Samkaup h/f og stefnanda. Það eina, sem Samkaup hafi annazt í þessu sambandi, hafi verið að panta vörurnar fyrir kaupmennina. Skrifuð hafi verið nóta á Samkaup h/f og tekið fram í hvert sinn, fyrir hvaða verzlun hver úttekt var, og síðan hafi Samkaup h/f annazt greiðslu reikninganna. Vitnið sagði, að inngreiðslur frá Samkaupum h/f hafi verið bókaðar hjá stefnanda á þann hátt, sem fram komi á dskj. nr. 21. Samkaup h/f hafi borgað í „slumpum“ fyrir hina einstöku kaupmenn innan vébanda Samkaupa h/f, en Samkaup h/f hafi átt að gera upp eftir einn mánuð frá úttekt fyrir alla sína viðskiptamenn. Vitnið var að því spurt, hvort stefnandi hafi sent fyrirækjum stefnda reikningsyfirlit um hver áramót. Vitnið svaraði því til, að Samkaupum h/f hafi verið sent yfirlit um hver mánaðamót, en stefndi hafi einmitt verið stjórnarformaður í því fyrirtæki. Vitninu var sýnt dskj. nr. 36 og spurt, hver hafi verið ástæða til útgáfu tryggingarbréfsins. Vitnið svaraði orðrétt: „Þetta bréf er gefið út, eftir að lokað var öllum viðskiptum fyrir Samkaup h/f, og þá var náttúrlega ekki annað hægt fyrir Björn Jónsson, ef hann ætlaði að halda áfram að kaupa tóbak, en gefa slíka tryggingu, ef hann ætlaði ekki að staðgreiða.“ Sagðist vitnið telja, að það hafi verið meiningin, að þetta bréf ætti aðeins við hin nýju viðskipti. Framburður stefnda varðandi nefnt dskj. var borinn undir vitnið, sem sagði, að ef skýring stefnda á tilefni þessa dómsskjals væri rétt, hefði stefndi fengið til baka ábyrgðaryfirlýsingarnar á dskj. nr. 22—24.

Vitnið Gunnar Skagfjörð Sæmundsson, framkvæmdastjóri Sam-

kaupa h/f, kom fyrir dóm áður nefndan þingdag. Vitnið sagði, að umrædd viðskipti hefðu oftast farið þannig fram, að viðkomandi kaupmenn hafi hringt í Samkaup h/f, þar sem fylltur hafi verið út pöntunarseðill, sem síðan hafi verið farið með upp í Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Þessir aðiljar hafi upphaflega greitt til Samkaupa h/f eftir hvern mánuð, þó þannig, að liðið hefðu 10—15 dagar fram yfir hver mánaðamót. Stefnandi hafi sent Samkaupum h/f reikningsyfirlit ásamt úttektarnótum hvers aðilja, sem oft hafi verið fleiri en einn í mánuði. Síðan hafi Samkaup h/f annazt innheimtu hjá viðkomandi aðilja. Skuld Samkaupa h/f við stefnanda hafi myndazt þannig, að í stað afsláttar, sem Samkaup h/f hafi upphaflega fengið, hafi fyrirtækinu verið veittur frestur á greiðslum nefndra aðilja til stefnanda. Umrætt afsláttarfyrirkomulag hafi varla staðið yfir nema í eitt ár eða svo, þannig að greiðslufrestsfyrirkomulagið hafi gilt meginíð af umræddum viðskiptatíma. Vitnið sagði, að einstakir verzlunarmenn hefðu alltaf gert upp við Samkaup h/f. Vitnið sagði, að stefndi hefði verið stjórnarformaður Samkaupa h/f fram til 1965, en eftir það hafi það eiginlega „dæmzt“ á vitnið að vera bæði stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Vitnið sagðist halda, að umræddir kaupmenn hefðu skrifað undir sjálfskuldarábyrgðirnar á skrifstofu stefnanda, en hins vegar hafi Samkaup h/f verið beðið um að nálgast þær hjá þeim. Loks sagði vitnið, að á meðan Samkaup h/f hafi staðið í skilum, hafi uppgjör af hálfu Samkaupa h/f við stefnanda alltaf farið fram um hver mánaðamót.

Í málinu hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 37 endurrit úr sjó- og verzlunardómsbók Reykjavíkur í málinu nr. 33/1971: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins gegn Pétri Kristjánssyni, og er þar um að ræða yfirheyrslu yfir stefnda í því máli, sem höfðað hefur verið af sams konar tilefni og mál það, sem hér liggur fyrir. Yfirheyrslan fór fram 4. febrúar 1972. Nefndur Pétur hefur undirritað sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu vegna verzlunar sinnar að Ásvallagötu 19 í Reykjavík, og er yfirlýsingin í sams konar formi og þær, sem lagðar hafa verið fram í þessu máli. Var sú yfirlýsing borin undir nefndan Pétur og hann að því spurður, fyrir hvað ábyrgðin væri. Hann sagði, að hún væri fyrir þáverandi viðskipti við Samkaup h/f og Tóbakseinkasöluna og hafi hún komið í stað tryggingarvixils, sem fallið hefði niður eins og fyrri víxlar, þegar þeir hafi verið endurnýjaðir árlega. Hann sagðist ekki hafa átt nein bein viðskipti við stefnanda, eftir að viðskipti hófust í

gegnum Samkaup h/f, en þegar þau viðskipti hættu og hann hóf viðskipti beint við stefnanda, hafi hann sett stefnanda banka-tryggingu og hafi þá sjálfskuldarábyrgðartryggingin fallið niður. Ekkert hafi verið minnzt á það, að hann fengi sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsinguna þá afhenta, og satt að segja hafi það bara gleymzt. Nefndur Pétur var að því spurður, hvort umrædd sjálfskuldarábyrgð hafi verið sett til að tryggja úttektir Samkaupa h/f hjá Á. T. V. R. fyrir hann og verzlun hans. Nefndur Pétur svaraði þá orðrétt: „Það geri ég ráð fyrir.“

Í málinu hefur enn fremur verið lagt fram sem dskj. nr. 38 endurrit úr sjó- og verzlunardómsbók Reykjavíkur í málinu nr. 34/1971: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins gegn Gísla Þorgeirs-syni, og er þar um að ræða yfirheyrslur yfir nefndum Gísla í því máli, sem höfðað er af sams konar tilefni og mál það, sem hér liggur fyrir. Yfirheyrslan fór fram 4. febrúar 1972. Nefndur Gísli hefur undirritað sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu vegna verzlunarinnar Fossvogs, og er hún í sama formi og þær yfirlýsingar, sem lagðar hafa verið fram í þessu máli. Nefndur Gísli var á sama hátt spurður og áður nefndur Pétur, fyrir hvað nefnd ábyrgðaryfirlýsing væri, og svaraði hann orðrétt: „Það var fyrir þessu tóbaksveseni uppi í Áfengis- og tóbaksverzlun.“ Þá var hann að því spurður, hvort nefnd sjálfskuldarábyrgð næði til viðskipta hans við Samkaup h/f. Nefndur Gísli svaraði orðrétt: „Já, þetta var gert í því augnamiði.“ Þá var hann að því spurður, hvort umrædd ábyrgð hafi verið sett til þess að tryggja úttektir Samkaupa h/f hjá stefnanda fyrir hann og verzlun hans. Nefndur Gísli svaraði þá orðrétt: „Það var bara fyrir úttektinni, sem fór svo í gegnum Samkaup h/f.“

Í málinu hefur stefnandi lagt fram sem dskj. nr. 3—20 reikninga vegna úttekta Samkaupa h/f í marz og apríl 1967 fyrir verzlanir stefnda og sem dskj. nr. 21 reikningsyfirlit, sem er heildaryfirlit yfir úttektir og innborganir Samkaupa h/f. Nefndir reikningar eru stílaðir á Samkaup h/f vegna viðkomandi verzlana stefnda, en reikningsyfirlitið er stílað eingöngu á Samkaup h/f.

Vegna þess, hvernig inngreiðslum Samkaupa h/f til stefnanda var háttað, svo sem að framan er rakið, fékk stefnandi Kjartan Jóhannsson rekstrarverkfræðing til þess að reikna út og skipta áður nefndri skuld Samkaupa h/f við stefnanda milli hinna ýmsu kaupmanna, sem Samkaup h/f gerði innkaup fyrir hjá stefnanda, miðað við úttektir Samkaupa h/f fyrir þá í marz og apríl 1967 og með hliðsjón af sjálfskuldarábyrgð þeirra. Byggir stefnandi

kröfur sínar í málinu á útreikningum þessum. Reikningsaðferðum er lýst í bréfi verkfræðingsins til lögmanns stefnanda á dskj. nr. 28, þar sem segir orðrétt:

„Að ósk yðar hef ég kynnt mér viðskipti Samkaupa h. f. og Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins og reiknað út skiptingu skuld- ar á viðskiptaaðila samkv. samtali við yður.

Samkvæmt upplýsingum bókhaldsdeildar Áfengis- og tóbaks- verzlunar ríkisins nemur skuld Samkaupa h.f. kr. 1.142.531.12, og eru þá vextir ekki reiknaðir.

Upplýst er, að úttektir þeirra viðskiptaaðila, sem innkaup gera gegnum Saumkaup h. f. seinustu tvo viðskiptamánuðina, námu samtals kr. 1.363.943.97, og eru þessi viðskipti sundurliðuð í fylgi- riti 1.

Á hjálagðri töflu hefur viðskiptaskuldinni verið skipt á við- skiptaaðilana í hlutfalli við úttektir þeirra hina tvo seinustu við- skiptamánuðina (marz, apríl 1967), og ber sá dálkur yfirskriftina hlutdeild í skuld. Þessi skuldarhlutdeild fæst þannig með því að margfalda heildarskuldina með hlutfallinu milli úttektar við- skiptaaðilans og heildarúttektar allra aðilanna (1.363.943.97). Jafn- framt hefur verið gerður samanburður á þessum fjárhæðum og upphæð sjálfskuldarábyrgða.“

Samkvæmt yfirliti því, sem vísað er til í þessu bréfi verkfræð- ingsins, voru úttektir verzlana stefnda umræddan tíma kr. 131. 394.10 vegna verzlunarinnar Reykjafoss, kr. 189.072.30 vegna verzlunar Halla Þórarins og kr. 73.765.40 vegna verzlunarinnar Foss. Með ofangreindum reikningsaðferðum reiknaði verkfræðing- urinn síðan út „hlutdeildarskuld“ hvernar verzlunar stefnda fyrir sig og fékk þá út tölurnar kr. 6.790.85 vegna verzlunarinnar Foss, kr. 158.379.58 vegna Verzlunar Halla Þórarins og kr. 110.064.53 vegna verzlunarinnar Reykjafoss. Tölur þessar leggur stefnandi til grundvallar stefnufjárhæð, þó þannig, að þar sem tala verk- fræðingsins vegna verzlunarinnar Foss er kr. 6.790.85 hærri en sjálfskuldarábyrgð vegna þeirrar verzlunar, sbr. dskj. nr. 22, mið- ar stefnandi við fjárhæð þeirrar sjálfskuldarábyrgðar, þannig að stefnukrafan sundurliðast þannig: kr. 55.000.00 + 158.379.58 + 110.064.53 = 323.444.11.

Svo sem að framan er getið lækkaði stefnandi stefnukröfur sínar við munnlegan flutning málsins. Byggðist lækkunin á endurskoðun fyrri útreikninga, vegna þess að í þeim hafði vaxta- skuld fyrir árið 1967 að fjárhæð kr. 114.137.44 verið færð sem úttekt. Var heildarskuldin lækkuð sem nemur nefndri vaxtafjár-

hæð, þannig að heildarskuld Samkaupa h/f við stefnanda var talin nema kr. 1.028.393.68. „Hlutdeildarskuldir“ voru síðan reiknaðar út að nýju með sömu reikningsaðferðum og að framan er getið, og komu þá út tölurnar, kr. 55.617.75 vegna verzlunarinnar Foss, kr. 142.557.80 vegna Verzlunar Halla Þórarins, kr. 99.069.30 vegna verzlunarinnar Reykjafoss, sbr. dskj. nr. 40. Eru hinar nýju stefnukröfur byggðar á þessum tölum að öðru leyti en því, að að því er varðar verzlunina Foss er miðað við upphæð sjálfskuldarábyrgðar, kr. 55.000.00, og sundurliðast þá dómkrafa stefnanda þannig: kr. 55.000.00 + kr. 142.557.80 + 99.069.30 = kr. 296.627.10.

III.

Stefnandi styður mál sitt þeim rökum, að með yfirlýsingum á dskj. nr. 22—24 hafi stefndi tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á skuld Samkaupa h/f við stefnanda vegna úttekta framangreindra þriggja verzlana sinna, að fjárhæð samtals kr. 405.000.00, sem er samanlögð fjárhæð yfirlýsinganna. Til að finna sanngjarna hlutdeild stefnda í heildarskuldinni hafi hann fengið sérfræðing til útreikninga, svo sem að framan er rakið, og byggist kröfugerð á hendur stefnda á þeim. Á umræddum tíma hafi stefndi vegna verzlana sinna ekki átt lánsviðskipti við stefnanda nema í gegnum Samkaup h/f. Vegna þess svo og með hliðsjón af málavöxtum í heild, þar á meðal framburðum Gísla Þorgeirssonar og Péturs Krisstjánssonar, sé ljóst, að sjálfskuldarábyrgðunum hafi verið ætlað að tryggja skuld Samkaupa h/f við stefnanda og beri að skýra þær á þann veg. Enn fremur sýni sáttatilboð á dskj. nr. 30, að stefndi telji sig bera ábyrgð á skuldinni. Loks var þá mótmælt af hálfu stefnanda við munnlegan málflutning, að krafan væri fallin niður fyrir fyrningu. Hvorki aðalskuld né ábyrgðarskuldbindingin væri fyrnd samkvæmt lögum nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, og var af hans hálfu vitnað í 3. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laganna, því til stuðnings.

Kröfu sína um sýknu byggir stefndi í fyrsta lagi á því, að krafa stefnanda sé fyrnd. Svokallaðar sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar séu gefnar út 9. marz 1966 og hafi því samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1905 fyrnt á sama mánaðardegi fjórum árum síðar samkvæmt þeirri meginreglu, að fyrningarrestur samningsbundins loforðs hefjist á útgáfudegi loforðsins. Í öðru lagi er sýknukrafan studd þeim rökum, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, hvernig umræddar sjálfskuldaryfirlýsingar skuldbindi stefnda til greiðslu

stefnufjárhæðarinnar. Orðalag þeirra gefi ekki slíkt til kynna. Í þeim sé hvergi minnt á Samkaup h/f, en samt sé því haldið fram af hálfu stefnanda, að þær eigi við viðskiptaskuld þess fyrirtækis við stefnanda. Svo víðtæka merkingu sé ekki hægt að gefa yfirlýsingunum þvert ofan í orðalag þeirra. Því er einnig haldið fram af hálfu stefnda, að eftir að umsvifum Samkaupa h/f lauk, hafi stefndi átt bein viðskipti við stefnanda og af því tilefni gefið út tryggingarbréf, sbr. dskj. nr. 36, sem hafi verið endurnýjun á fyrri ábyrgðum, sem við það hafi fallið niður. Loks er því haldið fram af hálfu stefnda, að reikningsgrundvöllur stefnufjárhæðar sé rangur og leiði það til sýknu. Í bréfi Samkaupa h/f til stefnanda, dags. 6. maí 1969, sé heildarskuld Samkaupa h/f talin vera kr. 2.617.531.12 að höfuðstóli. Í bréfinu sé því slegið föstu, að kr. 1.375.000.00 séu tryggðar með veði í húseign Gunnars Skagfjörðs, en kr. 1.142.531.12 séu tryggðar með sjálfskuldarábyrgðum ýmissa kaupmanna. Í bréfi umrædds verkfræðings til lögmanns stefnanda, dags. 18. janúar 1971, sé heildarskuld Samkaupa h/f talin nema síðarnefndu fjárhæðinni, hvernig svo sem það verði skilið til samræmis við fyrrgreint bréf. Fjárhæðin kr. 1.375.000.00 sé algerlega fundin út af stefnanda og Gunnari Skagfjörð í sameiningu án afskipta stefnda eða annarra kaupmanna. Síðan segist verkfræðingurinn finna hlutdeild hvers einstaks kaupmanns í svonefndri heildarskuld Samkaupa h/f með því að margfalda þessa tölu með hlutföllum milli úttektar hverrar verzlunar og heildarúttektar allra 14 verzlanna í marz og apríl 1967, sem verkfræðingurinn telji hafa numið kr. 1.363.943.97. Út úr þessu fái verkfræðingurinn tölu, sem verði viðmiðunartala stefnanda gagnvart hverri einustu stefnukröfu þannig, að viðmiðunartalan sé notuð, sé hún lægri en fjárhæð áður nefndra skuldbindinga, en ella sé stefnufjárhæð hvers einstaks stefnda miðuð við fjárhæð ábyrgðarskuldbindingar. Þetta sé kyndug röksemdafærsla. Stefndi hafi greitt skuld sína við Samkaup h/f að fullu. Hann hafi ekki fremur verið skuldugur stefnanda fyrir vöruúttektir mánuðina marz—apríl 1967 en hann hafi verið fyrir vöruúttektir í sömu mánuðum á árunum 1965—1968. Stefndi hafi ekki haft neinn rétt til þess að telja stefnda eða fyrirtæki hans til skuldar uppgefna úttektarfjárhæð eða tilbúna viðmiðunarfjárhæð verkfræðingsins. Stefnufjárhæðin sé á engum rökum reist. Sé miðað við ábyrgðarfjárhæðina, sé ranglega ályktað, að fyrir hendi sé skuld við stefnanda, sem sé þó höfuðskilyrði ábyrgðaryfirlýsingarinnar. Viðurkennt sé, að inngreiðslur hafi aldrei ver-

ið færðar á reikninga einstaks fyrirtækis. Því sé ekki hægt að færa nokkur haldbær rök fyrir því, að ábyrgðaryfirlýsingarnar hafi tekið til skuldar við stefnanda, enda hafi ekki verið staðfest þrátt fyrir áskorun, hvenær sú skuld hafi átt að stofnast eða hver hún sé að fjárhæð.

IV.

Málatilbúnaður stefnanda byggist á því, að stefndi hafi gerzt sjálfskuldarábyrgðarmaður að þeirri viðskiptaskuld, sem fyrirtækið Samkaup h/f væri í við stefnanda vegna vöruúttektar nefndra þriggja verzlana stefnda með þeim hætti, sem að framan er lýst.

Stefnandi hefur hvorki með bókhaldsgögnum né á annan hátt sannað slíka skuld. Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Björn Þ. Guðmundsson dómsformaður ásamt meðdómsmönnum Eggert Kristjánssyni, löggiltum endurskoðanda, og Jóhanni J. Ólafssyni stórkaupmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Björn Jónsson, skal sýkn vera af kröfum stefnanda, Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
